



Skipulags-, byggingar-, og veitunefnd (SBV) Þriðjudaginn, 7. ágúst 2007

Fundur er haldinn í skipulags-, byggingar- og veitunefnd Blönduós bæjar þriðjudaginn 7. ágúst, 2007, kl. 17:15 að Hnjúkabyggð 33, dómsal.

Þórður Pálsson formaður setti fundinn og stjórnaði honum. Ragnar Ingi Tómasson ritaði fundargerð. Mæting er samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá og afgreiðslur:

- Erindi frá Þórði Pálssyni, Mýrarbraut 35.** Þórður Pálsson sækir um leyfi til að saga niður úr glugga á neðri hæð og setja þar hurð með glugga út á sólpall. Einnig er óskað eftir leyfi til að stækka núverandi sólpall og setja heitan pott. Verkfræðistofan Stoð mun teikna breytinguna.

Afgreiðsla: Erindið er samþykkt með fyrirvara um að teikningin liggi fyrir. Fylgja skal 69. gr. byggingarreglugerðar nr. 441/1998. Þórður Pálsson vék af fundi undir þessum lið vegna skyldleika við málið.
- Erindi frá Blöndubbyggð ehf. kt. 530307-0420 .** Björn Þór Kristjánsson sækir um leyfi fyrir tveimur auglýsingaskiltum fyrir veitingastaðinn Pottinn og pönnuna. Skiltin eru 2,5 x 3,0m. að stærð. Skiltin verða við þjóðveg nr. 1, nánari staðsetning verður gerð í samráði byggingarfulltrúa. Meðfylgjandi er útlitsteikning skiltisins.

Afgreiðsla: Nefndin samþykkir umsóknina með tilvísan í samþykkt um auglýsingarskilti frá 7/12 2000. Uppsetning skilta verði í samráði byggingarfulltrúa.
- Erindi frá Hafissetri.** Erla Gunnarsdóttir forstöðumaður Hafisseturs óskar eftir því að fá að setja upp auglýsingaskilti við þjóðveg 1 Norðurlandsveg og vegvísi við Hnjúkabyggð. Auglýsingaskiltin eru 2, 120 x 120sm. Óskað er eftir að setja þau báðu megin við bæjarmörkin. Vegvísarnir eru 2, 130 x 20sm., annar á íslensku og hinn á ensku. Óskað er eftir að setja báða vegvísana niður á sömu undirstöðu við gatnamót Norðurlandsvegur og Hnjúkabyggðar. Nánari staðsetning verður gerð í samráði bygginga- og skipulagsfulltrúa.

Afgreiðsla: Nefndin samþykkir skiltin á bæjarmörkum enda sé fylgt samþykktum um auglýsingarskilti frá 7/12 2000. Vegvísar verði í samræmi við staðla Vegagerðarinnar. Skiltin séu upp í samráði við byggingarfulltrúa.
- Erindi frá Dýhól ehf.** Björn Þór Kristjánsson fyrir hönd Dýhóls ehf. Kt. 490802-2580, sækir hér með um að fá að setja niður fyrstu tvö frístundahúsin í Brautarhvamminn, á þær lóðir sem hann hefur vilrði fyrir. Um er að ræða lóðir nr. 1 or 2. Húsin eru 80m² og standa á húsgrunni að Sunnubraut 7 Blönduósi.

Afgreiðsla: Erindinu er hafnað þar sem skipulagið hefur ekki verið staðfest og lóðin ekki tilbúinn til úthlutunar. Samþykki Skipulagsstofnunar liggur ekki fyrir og skila þarf inn teikningum samkvæmt byggingareglugerð nr. 441/1998.
- Stöðuleyfi fyrir frístundahús.** Sigurður Jóhannsson fyrir hönd Húnakaupa hf. sækir hér með um leyfi til að setja saman tvö frístundahús til viðbótar á lóð félagsins að Húnabraut 4, á sama svæði og þau þrjú hús sem þegar hafa verið reist. Það er Krákur ehf. sem setur húsin saman. Sótt er um stöðuleyfi til 31. des 2007, en þá er gert ráð fyrir að öll húsin séu farin. (Meðfylgjandi er umsókn frá Krák ehf. um sama efni)

Afgreiðsla: Nefndin samþykkir umbeðið stöðuleyfi með fyrirvara um að teikningum samkvæmt byggingareglugerð 441/1998 sé skilað áður en uppsetning húsanna hefst. Sigurður Jóhannesson vék af fundi undir þessum lið vegna skyldleika.



6. **Árbraut 17.** Lárus B Jónsson kt. 120353 5009 fyrir hönd Kráks kt. 481003-2610 óskar eftir leyfi fyrir sólpalli að Árbraut 17, Blönduósi. Sólpallurinn er 40m² að stærð og verður við suðvesturhlið hússins (Blöndumegin) og að mestu ofan á gamalli stétt sem liggur meðfram húsinu. Einnig er sótt um leyfi til gluggaskipta í sömu húseign. Fyrir liggur samþykki annara eiganda hússins.
Afgreiðsla: Erindið er samþykkt með fyrirvara um að teikningar liggi fyrir.
7. **Hnjúkabyggð 4.** Lárus B Jónsson kt. 120353 5009 fyrir hönd Kráks kt. 481003-2610 óskar eftir leyfi fyrir sólpalli að Hnjúkabyggð 4, Blönduósi. Sólpallurinn er 45m² að stærð og verður við suðausturhlið hússins. Steyptar undirstöður fyrir pallinn eru komnar sem fyrri eigendur létu gera, því er möguleiki að leyfi liggi þegar fyrir. (Á fundi skipulags- bygginga- og veitunefndar þann 4. apríl var sama erindi samþykkt).
Afgreiðsla: Erindið er samþykkt með fyrirvara um að teikningar liggi fyrir.
8. **Garðabyggð 14b.** Lárus B Jónsson kt. 120353 5009 fyrir hönd Kráks kt. 481003-2610 óskar eftir leyfi fyrir sólpalli að Garðbyggð14b, Blönduósi. Sólpallurinn er 35m² að stærð og verður á baklóð hússins.
Afgreiðsla: Erindið er samþykkt með fyrirvara um að teikningar liggi fyrir. Þá er óskað eftir skriflegu samþykki næstu nágranna.
9. **Aðalgata 1** Lárus B Jónsson kt. 120353 5009 fyrir hönd Kráks kt. 481003-2610 óska eftir leyfi til hækkunar á hurðargati að Aðalgötu 1, Blönduósi vesturhlið. Hurðin verður í samræmi við aðrar hurðir á sömu hlið hússins.
Afgreiðsla: Nefndin tekur jákvætt í erindið en óskar eftir teikningum áður en leyfi er veitt.
10. **Stöðuleyfi** Lárus B Jónsson kt. 120353 5009 fyrir hönd Kráks kt. 481003-2610 sækir um áframhaldandi leyfi fyrir fjóra 40 feta gáma og tveimur 20 feta gámum á lóð Kráks ehf. að Húnabraut 4, Blönduósi.
Afgreiðsla: Nefndin samþykkir stöðuleyfi til eins árs fyrir gámana.
11. **Stöðuleyfi** Lárus B Jónsson kt. 120353 5009 fyrir hönd Lagnaverks ehf. kt. 410801-3290 sækir um áframhaldandi leyfi fyrir einum 20 fera gám á lóð Kráks ehf. innan ports bak við verslun Kráks að Húnabraut 4, Blönduósi.
Afgreiðsla: Nefndin samþykkir stöðuleyfi til eins árs fyrir gámana.
12. **Fyrirspurn:** Zophonías Ari Lárusson spyr, hvað mega garðhús vera stór til að sleppa við teikningar?
Afgreiðsla: Nefndin tekur fyrir og afgreiðir hvert einstakt mál samkv. byggingarreglugerð. Frekari vinnureglur liggja fyrir hjá byggingafulltrúa.
13. **Lóðarblað** Stefán Árnason skipulags- og byggingafulltrúi óskar eftir staðfestingu á lóðarblaði fyrir Sunnubraut 7, Blönduósi.
Afgreiðsla: Nefndin staðfestir lóðarblaðið. Byggingafulltrúa er falið að kynna og ganga frá málinu.
14. **Deiliskipulag.** Lagt er fram til kynningar frumdrög deiliskipulags fyrir íbúðarsvæði við Hólabraut, unnið af Yngva Þór Loftsyni hjá Landmótun.
Afgreiðsla: Nefndin er ánægð með þá vinnu er fram hefur farið og hvetur til þess að skipulagið verði fullunnið hið fyrsta.

Fundargerð upp lesin og samþykkt.
Þórður Pálsson (sign.)
Guðmundur K. Ellertsson (sign.)
Sigurður Jóhannesson (sign.)
Stefán Árnason, byggingafulltrúi (sign.)

Fundi slitið kl. 18:15
Ragnar Ingi Tómasson (sign.)